



Fundargerð

211. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 10. ágúst 2016 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Þorvaldur P. Hjarðar, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Guðbjörg Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir

Dagskrá:

1. Innkomin erindi
 - a) Breyting á Rammasamningi við Ylströndina ehf. vegna heitavatnskaupa
 - b) Heimildaöflun í kaldavatnsögu Héraðs
2. Málefni Skógarorku ehf.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 12:05

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

Áður en gengið var til dagskrár var Sigurðar Eymundssonar, sem var formaður HEF ehf. frá 16.11.2005 - 26.7.2006 minnst, en hann lést 27. júní síðastliðinn.

1. Innkomin erindi

Framlögð gögn: Bréf dags 3. ágúst 2016 frá Ylströndinni ehf. varðandi viðauka við vatnssamning og aðkomu HEF ehf. að Ylströndinni ehf.; 20151120_Rammasamningur HEF-Ylstrandar;

Yfirlit ódagsett um verkefnið "heimildaöflun í kaldavatnssögu Héraðs"

- a) Breyting á Rammasamningi við Ylströndina ehf. vegna heitavatnskaupa.

Ylströndin ehf. óskar eftir að gerður verði viðauki við rammasamning frá 20.11.2015 um að auka vatnskaup upp í 30 sek/ltr. í apríl til september ár hvert. Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að ganga frá viðauka við rammasamning sem innifelur vatnssölu allt að 25 sek/ltr. maí til og með september ár hvert. Stjórn óskar eftir að inn í viðauka komi líka ákvæði að rammasamningurinn sé ekki framléigjanlegur né framseljanlegur nema með samþykki stjórnar HEF ehf. Framangreind bókun samþykkt samhljóða.



Skúli Björnsson leggur fram eftirfarandi tillögu:

Í framhaldi af erindi Ylstrandarinnar ehf. þá samþykkir stjórn HEF ehf. að Ylströndinni ehf. verði heimilt að greiða fyrir heitavatnsnotkun sína til og með 30. júní 2019 með hlutabréfum í sjálfu sér. Gengið skal frá samkomulagi um útfærslu fyrir árslok 2016. Með þessum gjörningi er stjórn HEF ehf. að lýsa yfir sérstökum stuðningi og áhuga á þessu framfaraverkefni sem í framtíð mun auðga afþreyingu á svæðinu og um leið styðja við rekstur HEF ehf.

Ofangreind tillaga borin upp: Samþykkt með fjórum atkvæðum (SB, KL, SS, ÞPH) einn situr hjá (GJ).

Gunnar Jónsson leggur fram eftirfarandi bókun: Ég tel Ylstrandarverkefnið mjög mikilvægt vegna atvinnuuppbyggingar á Héraði og ekki síður vegna hagsmuna HEF ehf., þar sem ekki tókst að ná meirihluta samstöðu fyrir beinni aðkomu HEF í formi hlutafjár sem hefði að mínu mati verið í alla staði æskilegri leið, því sit ég hjá við afgreiðslu þessarar tillögu.

b) Heimildaöflun á kaldavatnssögu Héraðs.

Framkvæmdastjóri fór yfir málið og lagði til að haldið væri áfram með verkefnið.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra semja við Rúnar Snæ Reynisson um að ljúka gagnaöflun og skráningu.

2. Málefni Skógarorku ehf.

Framlögð gögn:

Framkvæmdastjóri fór yfir tilraun sem verið er að gera með því að nýta kurluð vörubretti. Farið yfir stöðuna og framtíð verkefnisins.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

a) Verið að undirbúa að fjarlægja ofanvatn úr fráveitu frá Tjarnarsvæðinu

b) Gert við bilun á heitavatnslögn í Tjarnarlöndum.

c) Unnið á fullu í stofnlögninni og búið að mynda suður og verkið gengu vel. Stefnir í tengingu eftir hálfan mánuð.

d) Vandamál er með kaldavatnið á Eiðum.



- e) Kynntar kvartanir um lyktarmengun frá hreinsivirkjum við Einbúabla.
- f) Urriðavatnssundið gekk með ágætum.

4. Önnur mál

Framlögð gögn:

- a) Borist hefur bréf frá Guðbjörgu Björnsdóttir þar sem hún segir sig úr stjórn HEF ehf. af persónulegum ástæðum.
- b) Næsti fundur 24. ágúst.

Fundargerðin upplestin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:04

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson.